


# UMHVERFISSKÝRSLA 2017



# Efnisyfirlit

1.	Yfirlýsing forstjóra .....	4
2.	Áritun endurskoðanda .....	5
3.	Inngangsorð .....	7
4.	Öryggismál.....	9
5.	Mannauður .....	10
6.	Fyrirtækið og markaðir.....	11
7.	Framleiðsluferlið.....	12
8.	Umhverfisstefna .....	13
9.	Umhverfispættir og vöktun .....	14
9.1.	Vöktun á uppsprettuþáttum .....	15
9.2.	Sameiginleg umhverfisvöktun.....	15
9.3.	Frammistaða í umhverfismálum .....	16
10.	Umhverfispættir.....	22
10.1.	Notkun auðlinda og framleiðsluvörur .....	22
10.2.	Losun í andrúmsloft .....	23
10.3.	Ryk- og neyðarlosum.....	25
10.4.	Losun í frárennsli.....	27
10.5.	Varasöm efni .....	28
10.6.	Aukaafurðir .....	28
10.7.	Hávaði .....	31

Útgefandi: Elkem Ísland ehf.

Ábyrgðarmaður: Sigurjón Svavarsson

Samantekt: Sigurjón Svavarsson, Tjörvi Berndsen og Þóra Birna Ásgeirs dóttir

Umbrot og hönnun: ENNEMM

Teikningar: Þorsteinn Hannesson

Ljósmyndir: Starfsfólk Elkem Ísland, Guðný Ólöf Helgadóttir, Birgir Ísleifur Gunnarsson, Haraldur Guðjónsson

# 1. Yfirlýsing forstjóra



Allar upplýsingar í þessari skýrslu eru réttar og veittar eftir bestu vitund.

Elkem Ísland leggur metnað sinn í að starfsemi fyrirtækisins sé í sátt við umhverfið og sitt nánasta samfélag. Þess vegna er stefna Elkem Ísland að draga markvisst úr áhrifum starfseminnar á ytra umhverfi og fylgja í hvívetra ákvæðum starfsleyfis. Elkem Ísland stefnir jafnframt að stöðugum framförum í störfum sínum og það endurspeglast í metnaði okkar í umhverfismálum.

Þessi skýrsla inniheldur grænt bókhald fyrirtækisins og niðurstöður sbr. kafla 3.4 í starfsleyfi fyrir almanaksárið 2017. Upplýsingar um hráefna- og raforkunotkun eru birtar sem vísitölur sbr. heimild í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald.

Hjá Elkem Ísland starfar metnaðarfullt starfsfólk sem allt hefur hagsmuni af því að umhverfisáhrif fyrirtækisins séu í lágmarki. En við erum líka stolt af því að framleiða hágæða kísilmálm sem gegnir lykilhlutverki í betri orkunýtingu heimsins. Rafmagnsbílar sem fara lengra á hverri hleðslu og orkunýtnari heimilistaeki eru kannski sýnilegustu vörurnar sem kísilmálmurinn okkar á þátt í að betrumbæta. Elkem Ísland er þannig mikilvægur þátttakandi í að minnka losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu og þannig leggjum við okkar lóð á vogarskálnar til að ná markmiðum Parísarsamkomulagsins og draga úr hnattrænni hlýnum.

Við hjá Elkem Ísland erum stolt af vinnu okkar. Ef þú, lesandi góður, hefur áhuga á að koma í heimsókn til að fræðast um störf okkar almennt, eða vinnu og umbótarverkefni í umhverfismálum, bjóðum við þig hjartanlega velkominn í heimsókn. Það eina sem þú þarf að gera er að hringja í síma 432 0200 og mæla þér móti við okkur.

Grundartangi 6. apríl 2018

Gestur Pétursson  
Forstjóri

# 2. Áritun endurskoðanda

## Óháð staðfesting til Elkem Ísland hf. vegna græns bókhalds

Við höfum kannað skýrslu Elkem Ísland hf. (hér eftir Elkem eða félagið) um grænt bókhald fyrir árið 2017. Staðfesting okkar felst í skoðun á því hvort tölur sem gefnar eru upp í skýrslu Elkem um grænt bókhald sé í samræmi við upplýsingakerfi fyrirtækisins og að upplýsingar um mengunarmælingar sem sendar eru þeim aðila sem hefur eftirlit með starfsleyfi vegna mengunarmælinga séu réttar.

### Ábyrgð stjórnenda

Skýrsla um grænt bókhald er lögð fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í íslenskri löggjöf.

### Ábyrgð okkar

Ábyrgð okkar felst í að afla nægilegrar vissu um og gefa óháð álit á því hvort upplýsingar séu réttar og í samræmi við starfsleyfi og lög og reglur um grænt bókhald. Skoðun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISAE 3000 um staðfestingar. Samkvæmt honum ber okkur að fara eftir settum siðareglum, þar með talið óhæðiskröfum, og skipuleggja og haga vinnu okkar þannig að nægjanleg vissa fáist um hvort ákveðnar upplýsingar í skýrslunni sé í öllum meginatriðum án annmarka.

Í því sambandi var eftirfarandi kannað með úrtökum:

- hvort tölur sem gefnar eru upp séu réttar og í samræmi við upplýsingakerfi félagsins
- hvort upplýsingarnar sem birtar eru í skýrslunni um mengunarmælingar séu í samræmi við niðurstöður Eflu og Nýsköpunarmiðstöð Íslands, sem sjá um og hafa eftirlit með mengunarmælingum fyrir félagið.
- hvort tölulegar upplýsingar í skýrslunni um mælingar séu í samræmi við gögn
- hvort skilyrðum í lögum og reglum um innihald skýrslna um grænt bókhald sé fullnægt

Við teljum að við skoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að skýrsla Elkem Ísland hf. um grænt bókhald á árinu 2017 sé gerð í samræmi við lög og reglur um innihald skýrslna um grænt bókhald og tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu í samræmi við þær aðferðir sem þar er gerð grein fyrir. Reykjavík, 6. apríl 2018.

KMPG ehf.

Helga Harðardóttir

Helga Harðardóttir  
löggiltur endurskoðandi



Elkem Ísland séð úr norðri.

### 3. Inngangsorð

Fagmennska í iðnaði snýst um sátt. Sátt á hnattræna vísu og sátt við starfsfólk, viðskiptavini, samfélagið og stjórnvöld. Sátt við lífríki náttúrunnar og það jafnvægi sem ávallt þarf að ríkja á milli nýtingar náttúruauðlinda til verðmætasköpunar og verndunar þeirra fyrir ágangi.

#### Framtíðarsýn:

Við viljum skapa trausta framtíð fyrir starfsfólk og okkar, viðskiptavini og samfélagið sem við búum í.

Við endurskoðum reglulega framleiðslutækni og umhverfisferla okkar. Við nýtum auðlindir á ábyrgan hátt og löðum til okkar gott starfsfólk til að geta svarað kröfum og eftirspurn í framtíðinni.

Elkem Ísland leitast alltaf við að mæta kröfum viðskiptavina sinna, valda sem minnstri röskun á náttúrunni og skapa öruggt og gott vinnumahverfi fyrir starfsmenn sína.

Elkem Ísland ætlar sér að ná stöðugt betri árangri í umhverfismálum. Það felur í sér að við próum og fylgjum stöðum um bestu fáanlegu framleiðslaðferðir, setjum okkur markmið og vöktum árangurinn.

Til að ná fram stöðugum framförum er þátttaka allra starfsmanna mikilvæg við að greina vanda, finna lausnir og grípa tækifæri.

Samstarf við nærsamfélagið og hagsmunaaðila skiptir okkur miklu máli við að ná árangri.

Við ákvarðanatöku hefur Elkem Ísland fjögur megingildi að leiðarljósi:



#### VIRÐING

Við virðum lögum, umhverfið, starfssystkini okkar, félaga, viðskiptavini, birgja, eigendur, samfélagið, nágranna og menningu.

#### NÁKVÆMNI

Við erum fær um að þróa og fylgja stöðulum fyrir bestu ástundun og mestu framkvæmdagæði. Með því að setja markmið fyrir vinnuferli og aðbúnað getum við mælt þau og þar af leiðandi stöðugt bætt um betur.

#### Stöðugar framfarir

Við vitum að alltaf er hægt að bæta frammistöðu - með rannsóknunum, beitingu nýrra lausna og með stöðugt betri nýtingu.

#### Páttaka

Við vitum að aðeins fólk getur greint vanda, fundið lausnir og gripið tækifærin.



Snyrtilegt umhverfi og skipulögð vinna minnka líkur á slysum.



Starfsfólk Elkem Ísland á daglegum morgunfund.

## 4. Öryggismál

Elkem Ísland hefur þá sýn að hægt sé að fyrirbyggja öll slys eða frávik sem geta ógnað heilsu og lífi starfsfólks. Til þess að fylgja þessari sýn eftir skipuleggjum við vinnu okkar í þessum anda og gætum þess að öryggi sé alltaf í forgangi í starfi okkar. Við göngum tölувart lengra en lágmarksákvæði um vinnuvernd segja til um og þess vegna höfum við náð eftirtektarverðum árangri í öryggismálum.

Reynslan sýnir að flest slys eiga sér stað vegna þess að fólk er að setja sig í hættu. Lykillinn að árangri okkar er fólginn í því að þjálfa fólk í að taka ekki sénsinn gagnvart eigin öryggi og annarra í starfi sínu. Þetta hefur leitt af sér öfluga öryggisvitund og ýtir undir öruggt atferli allra í vinnu. Það er okkur jafnframt sérstök ánægja þegar starfsmenn deila því með okkur hvernig aukin öryggisvitund þeirra skilar sér í einkalifinu.

Þegar öll vinna á athafnasvæði Elkem Ísland er skoðuð og vinna allra verkta, undirverktaka og þjónustuaðila er tekin með, kemur í ljós að undanfarin ár hefur að meðaltali orðið eitt slys á ári sem leiðir til fjarvistar þess sem lenti í slysinu. Sem betur fer er í flestum tilfellum ekki um alvarleg eftirkost að ræða, en eitt slys á ári er einu slysi of mikil. Það er skilyrðlaust markmið okkar og ófrávirkjanleg stefna fyrirtækisins að koma í veg fyrir öll slys á athafnasvæðinu.

Eitt mikilvægasta öryggistækið sem við eignum er opin samskipti. Opin samskipti á milli einstaklinga, deilda og hópa gegna lykilhlutverki í að deila upplýsingum um hættur, fræða um öruggt vinnulag og tryggja að hættunni sé stýrt þannig að hún sé innan vikmarka.

Það er grundvallarréttur hvers starfsmanns að koma heill heim að loknum vinnudegi. Til að svo verði getur hver og einn starfsmaður stöðvað framleiðslu fyrirtækisins ef hann telur öryggi sínu eða samstarfsmanna ógnað.



Vikulegur framleiðslufundur ofndeildar.

## 5. Mannauður

Elkem Ísland er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður þar sem áhersla er lögð á að skapa sterka liðsheild og skapa vinnuumhverfi sem veitir einstaklingum tækifæri til að vaxa og þroskast í starfi. Það er sannfæring okkar að hjarta hvers fyrirtækis er starfsfólkio og árangur okkar byggir alltaf á framlagi þess og samvinnu allra í fyrirtækinu.

**V**ið lítum svo á að það sé sameiginlegt verkefni stjórnenda og starfsmanna að koma á og viðhalda opnum samskiptum á milli bæði einstaklinga og deilda. Opin samskipti bæta ekki bara líðan á vinnustaðnum og gera daginn skemmtilegri, heldur eru opin samskipti og traust lykilatriði til að ná árangri í alþjóðlegri samkeppni á 21. öld.

Í daglegum störfum okkar vinnum við markvisst að því að bæði einstaklingar og liðsheildin vaxi. Við leggjum metnað í þjálfun starfsfólks og vinnum markvisst að því að byggja upp persónulega færni þess sem nýttist bæði í vinnu og einkalífi. Þannig bætum við líka hag fyrirtækisins.

Elkem Ísland á sér næstum 40 ára sögu og einstaka starfsmenn hafa starfað hjá fyrirtækinu frá upphafi. Það er markmið okkar að allt starfsfólk geti lokið starfsferli sínum með reisin og þess vegna vinnum markvisst að því að gera okkar trausta starfsfólk kleift að móta starfslok sín.



Starfsfólk rannsóknarstofu gegnir lykilhlutverki í gæðatryggingu framleiðslunnar.

## 6. Fyrirtækið og markaðir


Elkem Ísland er staðsett á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga og hóf starfsemi þar árið 1979. Elkem Ísland er hluti af sterkri alþjóðlegri heild og er í eigu norska fyrirtækisins Elkem ASA. Elkem ASA er rótgróið fyrirtæki með 114 ára sögu en fyrirtækið var stofnað árið 1904. Elkem er eitt þekktasta vörumerki heims í framleiðslu á kísilafurðum og leggur mikla áherslu á öryggismál, umhverfisvæna framleiðslu og gott samstarf við umhverfið, nágranna sína, viðskiptavini og birgja.

**E**lkem Ísland framleiðir og selur sérhæfðar, hágæða kísilafurðir um allan heim. Framleiðsla fyrirtækisins felur í sér mikilvægt skref í átt að markmiðum Paríssamkomulagsins um að stöðva aukningu í útblæstri gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu. Helsta aukaafurð framleiðslunnar er kísilryk sem notað er til að auka gæði sements og steypu hérlandis og erlendis.

Eftirspurn eftir umhverfisvænni orkugjófum hefur aukist á alþjóðamarkaði, þar sem hágæða kísilafurðir gegna mikilvægu hlutverki. Eftirspurn eftir hágæða kísilafurðum

kemur frá öllum rafbíaframleiðendum og öllum framleiðendum rafmótora sem er að finna í algengum heimilistækjum á borð við þurrkara, þvottavélar, ísskápa og rykssugur. Það sem þetta þyðir fyrir heimilið er minni orkuþörf, lægri rafmagnskostnaður og rekstrarkostnaður ökutækja. Á heimsvísu þýðir þetta minni losun gróðurhúsalofttegunda vegna notkunar jarðefniseldsneytis til framleiðslu rafmagns. Aðrar vörur sem innihalda kísil eru m.a. farsímar, sólarsellur, sjampó, snyrtivörur, íþróttatrafnaður og fleira.

### HRÁEFNI OG ORKA



### NOTKUN OG MARKAÐIR



## 7. Framleiðsluferlið

Elkem Ísland framleiðir kísilafurðir og notar til þess orku sem er framleidd með vatnsafl. Fyrirtækið uppfyllir skilyrði um bestu fáanlegu tækni (BAT) og bestu umhverfisvenjur (BEP). Framleiðslan er vottuð skv. ISO 9001 gæðastjórnunarstaðlinum og ISO 14001 umhverfisstjórnunarstaðlinum. Hjá Elkem Ísland starfa um 250 einstaklingar og búa um 80% þeirra á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit. Við störfum eftir skilgreindum verkferlum sem hafa þann tilgang að gera vinnustaðinn öruggari, heilsusamlegri og takmarka neikvæð áhrif starfseminnar á umhverfið.


**N**úgildandi starfsleyfi Elkem Ísland gildir til september 2025. Starfsleyfið heimilar framleiðslu á 190.000 tonnum af kísilmálmi á ári miðað við 75% kísilinnihald og 45.000 tonnum af kísilryki.

Í verksmiðju Elkem Ísland eru þrír ljósboagofnar, tveir 37 MW og einn 47 MW. Í ofnum hvarfast kvars og járngrýti við kolefni og mynda fljótandi kísilmál. Ofnarnir eru hálflokaðir með reykhettu. Afsog frá ofnum fer um kælivirkir og reykhléinsivirkir, þar sem kísilryk er hreinsað frá með pokasíum. Hreinsað afsog fer út í andrúmsloftið í gegnum mæni síuhúsanna. Hreinsað afsog inniheldur m.a. lofttegundirnar kolefnistvioxíð, brennisteinstvioxíð og nituroxíð. Fljótandi kísilmálmi, um 1700°C heitum, eru tappað úr ofnum um 1 deiglur. Kísilmálmurinn er annars vegar steyptur beint út í hleifa eða steyptur beint út og malaður. Ryk sem fellur til við mölun á kísilmálmi er endurunnið með því að bæta því við kísilmálminn fyrir útsteypingu sem íblöndunarefni. Málmurinn er kældur með vatni til að flýta fyrir storknun og auka styrkleika hans. Við það myndast vatnsgufa sem safnað er saman og blásið er upp úr verksmiðjunni. Gufustrókurinn sést reglubundið frá verksmiðjunni allan sólarhringinn í takt við útsteypingu kísilmálmssins. Hleifarnir eru síðan malaðir, efnið sigtáð og




loks flutt til útlanda með skipum til viðskiptavina. Ofnarnir eru að jafnaði í rekstri allan sólarhringinn allt árið um kring að undanskildum stuttum viðhaldsstopum.



Reykhléinsivirkir fangar ryk sem fellur til við framleiðsluna.



Framleiðsluferlið í hnottkurn



## 8. Umhverfisstefna

Elkem Ísland leggur metnað sinn í að starfa í sem mestri sátt við umhverfið og samfélagið. Við erum meðvituð um að rekstur fyrirtækisins skilur eftir sig umhverfisfótspor. Þess vegna höfum við skilgreint hvaða þættir í starfseminni geta haft áhrif á umhverfið og við leggjum okkur daglega fram við að lágmarka áhrif þeirra.

**E**lkem Ísland hefur sett sér fimm meginmarkmið í umhverfismálum sem fjallað verður nánar um í kafla 9. Umhverfisstefna fyrirtækisins er endurskoðuð árlega. Árangurinn í umhverfismálum er metinn og vaktaður reglulega til að tryggja nauðsynlega eftirfylgni og stuðla að stöðugum umbótum.

### Umhverfisstefna Elkem Ísland

**Elkem Ísland hefur sett sér það markmið að starfa í sátt við samfélagið, stjórvöld, viðskiptavini, starfsfólk og lífríki náttúrunnar.**

Með öryggi og fagmennsku að leiðarljósi leggjum við lóð á vogarskálar sáttar um framleiðslu hágæðakísilmálmss fyrir heimsbyggðina alla. Elkem er virkur þáttakandi í alþjóðlegum samstarfsverkefnum sem hafa það að markmiði að lágmarka umhverfisáhrif kísiliðnaðarins.

#### Það er stefna okkar

- Að starfa samkvæmt lögum og ákvæðum í starfsleyfi í anda stöðugra framfara með því að setja markmið umfram slíkar lágmarkskröfur þegar það a við.
- Að draga markvisst úr áhrifum starfseminnar á innra og ytra umhverfi með nákvæmni í vöktun og stýringu á mikilvægum umhverfispáttum.
- Að nýta og umgangast auðlindir með virðingu.
- Að starfsfólk Elkem og aðrir sem vinna fyrir fyrirtækio þekki umhverfisstefnuna og séu þáttakendur í að framfylgja henni.
- Að upplýsa hagsmunaaðila og almenning um umhverfisstefnu Elkem og árangur fyrirtækisins í umhverfismálum.
- Að sýna tryggð og hollustu gagnvart samfélaginu sem við störfum í með því að vera virkur þáttakandi í nýsköpunarverkefnum umhverfismála á Íslandi.

Elkem Ísland framleiðir sérhæfðar kísilafurðir sem geginir stóru hlutverki m.a. þegar kemur að rafbílavæðingu á heimsvísu og heimilistækjum með háum orkunýtingarstuðli. Með þessari framleiðslu er Elkem Ísland þáttakandi í að skapa framtíð án mengandi útblásturs frá bílum og að lækka raforkunotkun heimila.

Í yfir hundrað ár hefur Elkem-samsteypan verið frumkvöðull í tækniprórun í kísiliðnaði og haft frumkvæði að þróun lausna á svíði umhverfismála. Elkem Ísland hefur einsett sér að vera þekkt fyrir heiðarleika og stuðla að stöðugum framförum gagnvart því jafnvægi sem ávallt þarf að ríkja á milli þess að nýta og vernda náttúruauðlindir. Elkem Ísland starfar samkvæmt vottaðri umhverfisstjórnun.

#### Markmið Elkem Ísland til loka árs 2018 eru:

- Að sýna samfélagslega ábyrgð með þáttöku og uppbryggingu á svíði nýsköpunar í umhverfismálum með beinum fjárfamlögum og fjárfestingum, umhverfinu og rekstri fyrirtækisins til góða.
- Að draga úr rykmyndun vegna starfseminnar um 50 tonn á ári með fjárfestingu í nýjum búnaði og þáttöku starfsfólk.
- Að viðhalda stöðugleika í rekstri þannig að heildar lengd reyklosunar haldist undir 0,25% af rekstrartíma ofna.
- Að hámarka meðhöndlun aukaafurða þannig að 95% þeirra fari til endurvinnslu og endurnýtingar.
- Að minnka kolefnisfótspor starfseminnar um 50.000 tonn af CO<sub>2</sub> á ársgrundvelli fyrir árið 2020.

# 9. Umhverfisbættir og vöktun

Umhverfisbættir eru þeir þættir í starfsemi Elkem Ísland sem geta haft áhrif á umhverfið, til dæmis urðun aukaafurða og losun efna í andrúmslofti. Til umhverfisáhrifa telst einnig nýting á náttúruauðlindum, svo sem orku, vatni, hráefnum og landi.


Umhverfisbættir eru skilgreindir út frá kröfum í starfsleyfi, lögum, áherslum samfélagsins og reglugerðum. Óháðir aðilar sjá um framkvæmdir mælinga hjá Elkem Ísland samkvæmt staðbundinni vöktunaráætlun. Umhverfisbættir í starfsemi Elkem Ísland geta valdið staðbundnum áhrifum. Undantekning er losun kolefnistvöxiðs ( $\text{CO}_2$ ) sem er gróðurhúsalofttegund og veldur hnattrænum umhverfisáhrifum, þar sem ekki skiptir máli hvar uppruni losunarinnar er heldur hversu mikil hún er.

Niðurstöður vöktunar 2017 leiða í ljós að öll viðmiðunarmörk fyrir vöktunarþætti, sem sett eru í starfsleyfi Elkem Ísland og er að finna í reglugerðum sem eiga við fyrirtækið, eru uppfyllt í öllum tilfellum nema einu. Magn ryks í útblæstri frá einu af 22 rykhreinsivirkjum mældist yfir klukkustundarmeðaltalsmörkum. Elkem hefur skilað inn úrbótaáætlun til Umhverfisstofnunar sem stofnunin hefur samþykkt. Rauntímaæringar utan lóðar sýna ekki fram á áhrif losunar á rauntímaæringar á loftgæðastöðvum.



Farið yfir verkferla í öryggis- og umhverfismálum á morgunfund.

## LOFT



Helstu umhverfisáhrif Elkem Ísland tengjast notkun hráefna og orku, myndun aukaafurða, losun  $\text{CO}_2$ ,  $\text{SO}_2$  og ryks út í andrúmsloftið og losun svifagna, málma, olíu og fitu í frárennslu.

## Innri mæliáætlun Elkem Ísland

Mæliþáttur	Mælistaður	Mæliaðferð	Tímabil mælinga	Mælieining	Tíðni mælinga
Ryk	Ryk í útblæstri eftir reykhréinsivirkir 1, 2 og 3	Reiknilikan byggt á rauntímaæringum á ryki frá ofnum	Jan-Des	tonn ryk / dag	Dagleg*
	Hreinsað gas frá aftóppun á ofnum 1, 2 og 3 og málmréinsun – sýnatökustútar	Jafnhraðasýnataka á síu	Mar-Okt	mg/Nm <sup>3</sup>	Tvisvar á ári úr þremur reykhlífum
	Öhreinsað gas úr ofnhúsi um þakop og þakháfa				Tvisvar á ári úr einu útblástursoppi
	Hreinsað ryk frá mölum og sigtun 1				Einu sinni á 4 ára fresti
	Hreinsað ryk frá mölum og sigtun 2				Einu sinni á 2 ára fresti
	Allt ryk frá útblásturslofti	Reiknilikan byggt á niðurstöðum mælinga á ryki og reyklosun	Jan-Des	tonn ryk / ár og kg ryk / tonn framleitt	Mánaðarleg samantekt
	Útblástur eftir hreinsivirkir – sýnatökustútar á síuhúsum	Jafnhraðasýnataka á síu	Mar-Okt	mg/Nm <sup>3</sup>	Árlega
Brennsteinsdioxíð ( $\text{SO}_2$ )	Öll hráefni sem innihalda brennstein	Reiknilikan byggt á vottuðum mælingum (efnagreiningum) frá hráefhabirgjum. Efnagreiningar berast við móttöku hvers hráefnaframs.	Jan-Des	tonn $\text{SO}_2$ / ár	Mánaðar meðaltal og ársmeðaltal
Frárennslu	Svífagnir	Sýnatökubrunnur RBR.3	Samfellið sýnataka Síun á GF/C glertrefjasíu	mg/l	Árleg sýnaröð (10 sólarhringar á mælitímabili)
	Sýrustig		Síriti – Sýrustigsmælir	pH	
	Málmar		Rafgas - ljómunargreining	mg/l	Árleg sýnaröð (3 sýnatökur á mælitímabili)
	Olía og fitu		Soxtec-aðferð	mg/l	Árleg sýnaröð (1 sýni á mælitímabili)
Kálivatn	Sýrustig	Ofnar 1,2 og 3: Kælikerfi spenna. Ofnar 1 og 2: Kælikerfi reykhettu. Ofn 1: Kælikerfi skorsteins. Loftteamingar- og synatökuloki staðsettur aftan við dælur.	Stakmæling - sýrustigsmælir	Apr-Des	pH
	Svífagnir		Stakmæling - síun á GF/C glertrefjasíu	Apr-Des	mg/l
PAH í útblæstri	Útblástur eftir hreinsivirkir	Sýnataka á XAD síur	Mar-Okt	mg/m <sup>3</sup>	5 ára fresti (næst 2021)
Þungmálmar í kísilryki	Kísilrykssýni	Rafgas - ljómunargreining eftir upplausn	Mar-Okt	mg/kg ryk	5 ára fresti (næst 2019)
Hávaði	Innan lóðar og við lóðarmörk	Hljóðstigsmælingar og síritamælingar með hljóðmæli	Júl-Sep	dB(A)	8 ára fresti (næst 2018)
Saltsýra og flússýra	Saltsýra og flússýra tengjast framleiðslu sólarkísils en sólarkísill er ekki framleiddur hjá Elkem Ísland eins og stendur.				

Umfangsmikil vöktun vegna áhrifa rekstrar Elkem Ísland á umhverfið fer fram allan ársins hring. Vöktunin er tvískipt, annars vegar vöktun á uppsprettubáttum innan lóðar Elkem Ísland og hins vegar vöktun á þáttum utan lóðar Elkem Ísland sem er sameiginleg umhverfisvöktun iðnfyrirtækjanna á Grundartanga. Allar mælingar eru framkvæmdar af óháðum aðilum. Helstu samstarfsaðilar eru Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Náttúrufræðistofnun, Rannsóknarmiðstöð í sjávarliffræði, Háskóli Íslands, Landbúnaðarháskóli Íslands, Matís, Skógrækt ríkisins og verkfraðistofan Vista. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með niðurstöðum allra vöktunarþáttu.

### 9.1. Vöktun á uppsprettubáttum

Allar mælingar eru framkvæmdar samkvæmt mæliáætlun í grein 3.1 í starfsleyfi. Alls eru vaktaðir 35 þættir í innri vöktun, þ.e.a.s. losun innan lóðarmarka Elkem Ísland. Reglulega eru mæld efni í útblæstri, frárennslu, frárennslu og kísilryki, sem og hávaða frá starfsemiinni.


Fylgst er með virkni reykhréinsivirkja með sívöktun á neyðarreyklosi frá ofnum verksmiðjunnar. Ryk er mælt

í 19 útblástursopum, þ.e. frá ofnhúsi um þakháfa og þakop, frá hreinsivirkjum töppunarreyks, útsteypingar og mólunar. Fylgst er með losun kolefnistvöxiðs ( $\text{CO}_2$ ), brennsteinstvöxiðs ( $\text{SO}_2$ ) og nituroxiðs ( $\text{NO}_x$ ). Í frárennslu frá verksmiðjunni er mælt magn svifagna, olíu og fitu, ásamt sýrustigi og málum.

Nánari lýsing á niðurstöðum innri vöktunar og mótvægiságerðum má sjá í kafla 10.

### 9.2. Sameiginleg umhverfisvöktun

Sameiginleg umhverfisvöktun er unnin samkvæmt umhverfisvöktunaráætlun sem Umhverfisstofnun hefur samþykkt fyrir árin 2012-2021. Óháðir aðilar sjá um framkvæmdirna. Mældir eru í heildina 70 þættir á 150 sýnatökustöðum sem gefa vísbendingu um áhrif starfsemi allra fyrirtækja á Grundartangavæðinu á m.a. loftgæði, vatnsgæði, líffræðilegan fjölbreytileika í gróðri og lifríki sjávar.



Vöktunarþættir og vöktunarstaðir ytri vöktunar við iðnaðarsvæðið á Grundartanga

Skipulag ytri umhverfisvöktunar á Grundartangasvæðinu er nokkuð einstök miðað við önnur iðnaðarsvæði í Evrópu vegna sameiginlegrar þátttöku allra iðnaðarfyrirtækja á svæðinu.

Gerð er grein fyrir vöktunarpáttum og niðurstöðum ytri vöktunar í skýrslum sem finna má á vef Elkem Ísland (elkem.is) og Umhverfisstofnunar (ust.is).

### 9.3. Frammistaða í umhverfismálum

Undanfarin ár hefur dregið úr umhverfisáhrifum vegna framleiðslu kísilmálmss. Helst má nefna að tími neyðarreyklosunar hefur minnkað verulega síðastliðin ár og er á bilinu 5-10 klukkustundir á ársgrundvelli, hlutfall

endurnýtingu og endurvinnslu aukaafurða hefur aukist jafnt og þétt og er nú 92% og ryk í útblæstri á framleitt tonn hefur minnkað milli ára.

Á árinu kom fram eitt frávik vegna magn ryks í útblæstri frá einum af 22 reykjehreinsvirkjum. Elkem Ísland vinnur að lausn fráviksins, nánar er fjallað um úrlausnir í kaflanum um umhverfispætti.

Á næstu blaðsíðum má sjá yfirlit yfir helstu lykiltölur í umhverfismálum Elkem Ísland árin 2013 til 2017.


Allar umhverfismælingar eru framkvæmdar af faglegum, heiðarlegum og óháðum aðilum undir eftirliti Umhverfisstofnunar.



Sýni á rannsóknarstofu.



		2013	2014	2015	2016	2017	Starfsleyfismörk
<b>Framleiðsla</b>	<b>Eining</b>						
75% kísilmálmur (FeSi)	tonn	119.609	107.785	117.949	118.413	114.128	190.000
Kísilryk	tonn	23.709	21.033	23.664	20.889	20.498	45.000
<b>Hraefnanotkun (visitörlur)<sup>10</sup></b>							
Kvars	visitala	103,9	95,8	103,4	101,6	96,3	
Kol	visitala	119,6	111,0	123,5	133,1	127,7	
Koks	visitala	72,3	62,4	64,4	53,6	52,6	
Járngryti/eldhúð	visitala	106,1	103,8	103,5	81,2	96,5	
Kalkstein	visitala	185,2	258,6	227,4	176,2	121,5	
Timburkurl	visitala	277,7	275,1	283,9	270,8	305,2	
Rafskautamassi	visitala	87,0	78,5	86,7	86,1	80,8	
Skipa- og flotaolia	visitala	107,7	126,7	126,9	115,1	112,7	
<b>Brennisteinsinnihald í hráefnum</b>							
Meðaltal brennisteins í kolum og koksi	Hlutfall af heildarnotkun	0,92%	0,83%	0,75%	0,58%	0,68%	
Meðaltal brennisteins í rafskautamassa	Hlutfall af heildarnotkun	0,34%	0,34%	0,18%	0,22%	0,22%	
Heildarmagn af brennisteini í innflutnum hráefnum	tonn	1.189	1.124	1.095	863,0	924,0	
<b>Orku og vatnsnotkun</b>							
Raforka (visitala) <sup>11</sup>	visitala	100,9	91,9	98,6	98,2	95,9	
Kalt vatn (áætlað magn til ársins 2015) <sup>12</sup>	tonn	550.000	550.000	555.668	580.435	725.300	
<b>Losun í andrúmsloft</b>							
Kolefnistvioxíð (CO <sub>2</sub> ) <sup>23</sup>							
vegna bruna á jarðefnaeldsneyti <sup>23</sup>	tonn	406.948	369.459	401.860	402.490	402.031	
frá lífmasa	tonn	48.813	47.046	49.829	48.421	54.216	
Brennisteinstvioxíð (SO <sub>2</sub> ) <sup>23</sup>	kg/tonn 75% FeSi	23,5	19,5	17,5	13,6	16,2	30
Heildarlosun brennisteinstvioxíð (SO <sub>2</sub> )	tonn	2815,0	2097	2062	1612	1847	
Ryk magn	kg/tonn	2,44	2,50	2,31	1,25	1,03	3,5 <sup>23</sup>
Ársmeðaltal öll útblástursop	mg/Nm <sup>3</sup> (ársmeðaltal)				10,3	7,0	20
útblástursmagn um þakop ofnhúsi (óhreinsað)	mg/Nm <sup>3</sup> (klst. meðaltal)	12,0	11,3	8,8	13,3	10,8	30
útblástursmagn um bakháf ofnhúsi (óhreinsað)	mg/Nm <sup>3</sup> (klst. meðaltal)	13,0	10,4	9,8	10,3	9,6	30
útblástursmagn vegna sengurúrtsteypingar (óhreinsað) <sup>13</sup>	mg/Nm <sup>3</sup> (klst. meðaltal)				19,4	19,4	30
útblástursmagn frá töppun ofnhúsi (hreinsað)	mg/Nm <sup>3</sup> (klst. meðaltal)	11,1	0,5	2,7	3,5	7,8	30
útblástursmagn frá útsteypingu (hreinsað)	mg/Nm <sup>3</sup> (klst. meðaltal)					35,8	30
útblástursmagn frá mölun (hreinsað) <sup>14</sup>	mg/Nm <sup>3</sup> (klst. meðaltal)					75	30
útblástursmagn frá reykjhreinsvirkum	mg/Nm <sup>3</sup> (klst. meðaltal)					1,4	30
Dungmálmar i kísilryki <sup>15</sup>							
Arsen (As)	mg/kg		11,8				
Kadmín (Cd)	mg/kg		0,46				
Króm (Cr)	mg/kg		8,8				
Kopar (Cu)	mg/kg		10,8				
Kvikasilfur (Hg)	mg/kg		<9				
Blý (Pb)	mg/kg		8,7				
Zink (Zn)	mg/kg		25,2				
Neyðarreyklos							
Ofn 1	mínútur	173	50	65	8	31	
	Fjöldi	14	12	24	3	5	
	% af rekstartima	0,03	0,01	0,01	0,00	0,01	1
Ofn 2	mínútur	140	263	378	206	298	
	Fjöldi	28	10	47	48	72	
	% af rekstartima	0,03	0,05	0,07	0,04	0,06	1
Ofn 3	mínútur	766	97	469	203	296	
	Fjöldi	63	10	27	47	21	
	% af rekstartima	0,15	0,02	0,09	0,04	0,06	1
Díoxið og fúron í útblæstri <sup>12</sup>							
Reykjhreinsivirk 1	pg/m <sup>3</sup>				0,031		
Reykjhreinsivirk 2	pg/m <sup>3</sup>				0,139		
Reykjhreinsivirk 3	pg/m <sup>3</sup>				0,018		
Fjölhringa aromatisk vetriskolefni í útblæstri (PAH-16) <sup>16</sup>							
Reykjhreinsivirk 1	ng/m <sup>3</sup>				64		
Reykjhreinsivirk 2	ng/m <sup>3</sup>				11,317		
Reykjhreinsivirk 3	ng/m <sup>3</sup>				2199		



		2013	2014	2015	2016	2017	Starfsleyfismörk
<b>Losun í frárennsli (mg/L)</b>							
Olía og fita	mg/L	3	4	2,9	<6	<6	<15
Svifagnir	mg/L	78	42	46	40	45	50
Ál	mg/L	1,00	0,80	1,40	0,10	0,04	1
Arsen (As)	mg/L	<0,006	0,001	0,001	0,001	0,001	0,15
Króm (Cr)	mg/L	0,005	0,002	0,003	0,001	0,001	0,5
Kopar (Cu)	mg/L	0,008	0,009	0,014	0,003	0,002	0,5
Járn (Fe)	mg/L	2,00	2,10	3,10	0,30	0,04	5
Níkkel (Ni)	mg/L	0,014	0,016	0,026	0,007	0,003	0,5
Zink (Zn)	mg/L	0,11	0,16	0,14	0,02	0,02	1,5
Sýrustig	PH	6,3	7,3	7,5	7,3	7,5	>7,5
<b>Losun málma í frárennsli (kg/dag)</b>							
Ál	kg/dag				0,2	0,07	1
Arsen (As)	kg/dag				0,002	0,001	0,2
Króm (Cr)	kg/dag				0,005	0,002	
Kopar (Cu)	kg/dag				0,020	0,003	0,5
Járn (Fe)	kg/dag				4,5	0,07	5
Níkkel (Ni)	kg/dag				0,040	0,005	
Zink (Zn)	kg/dag				0,20	0,03	
<b>Losun málma í frárennsli (kg/ári)</b>							
Ál	kg/ári				65	25	30
Arsen (As)	kg/ári				0,3	0,3	10
Króm (Cr)	kg/ári				0,4	0,5	20
Kopar (Cu)	kg/ári				1,0	0,9	30
Járn (Fe)	kg/ári				145	26	200
Níkkel (Ni)	kg/ári				3,0	2,0	20
Zink (Zn)	kg/ári				11,0	12,0	20
<b>Mælingar á kælivatni</b>							
Svifagnir - Meðaltal <sup>[12]</sup>	mg/L			2,5	7,2	2,9	4,2
Sýrustig - Meðaltal <sup>[12]</sup>	PH			9,9	9,92	10,2	10,0
<b>Seyra<sup>[10]</sup></b>	Tonn	32,55				9,1	
<b>Aukaafurðir</b>							
<b>Endurvinnsla</b>							
	<b>Samtals</b>	<b>21.248</b>	<b>25.056</b>	<b>26.783</b>	<b>29.627</b>	<b>24.840</b>	
Seld málmlieif og gjall	tonn	8914	9144	14.005	18.404	13.740	
	<b>Seld finefni</b>				2.782	2.995	
Endurvinnsla á málmlieif, finefnum	tonn	11.640	15.225	12.117	7.867	7.668	
	<b>Málmar</b>	<b>645</b>	<b>630</b>	<b>614</b>	<b>510</b>	<b>375</b>	
	<b>Stórasekkir</b>	<b>38,0</b>	<b>42,0</b>	<b>33,0</b>	<b>35,2</b>	<b>34,0</b>	
Bylgjupappi og pappír	tonn	9,5	12,0	10,0	12,4	14,2	
Endurvinnsluefni	tonn			1,6	1,9	5,0	10,0
Spilliefni (t.d. olía, olíusíur, rafgeymar, raffbúnaður)	tonn	1,90	1,60	2,20	12,00	3,58	
<b>Endurnýting</b>							
	<b>Samtals</b>	<b>11.757</b>	<b>12.064</b>	<b>12.465</b>	<b>9.701</b>	<b>13.456</b>	
Endurnotkun hráefna	tonn				147	519	
Endurnotkun forskiljurýks	tonn				418	223	
	<b>Steinefni (kværsl)</b>	<b>11.700</b>	<b>12.009</b>	<b>12.326</b>	<b>8.927</b>	<b>7.332</b>	
Bætt nýting steinefna í rekstri (kværsl) <sup>[15]</sup>	tonn					5.133	
Gler og postullin	tonn			4			
Hreint timbur	tonn	36	37	114	190	233	
Lífrent	tonn	13	9	11	17	15	
Fatnaður til endurnotkunar	tonn				1,6	0,8	
Spilliefni í brennslu (t.d. úrgangsolía af tækjum, afgangar efna)	tonn	7,1	9,5	9,8			
<b>Urðun</b>							
	<b>Samtals</b>	<b>105</b>	<b>279</b>	<b>299</b>	<b>150</b>	<b>156,2</b>	
Blandaður og grófur úrgangur	tonn	93	101	132	122	97,6	
Litað timbur	tonn		171	161	19,8	18,6	
Spilliefni	tonn	11,2	4,6	1,5	1,1	22,5	
Fita úr fitugildrum	tonn			2,6	4,0	8,0	17,5
<b>Urðun í flæðigryfju</b>							
	<b>Samtals</b>	<b>4.619</b>	<b>3.677</b>	<b>5.542</b>	<b>3.619</b>	<b>3.367</b>	
Forskiljurýk	tonn	1.365	1.440	1.287	871	1.169	
Set úr setþróum	tonn		139	134	13	8	
Uppsóp og finefni af hráefnum og framleidslu	tonn	3.254	2.098	4.053	2.687	1.543	
Fóðringar og eldföst efni	tonn			68	48	647	
<b>Hávaði<sup>[7]</sup></b>							
<b>Umhverfisatvik</b>							
	<b>Fjöldi</b>	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>4</b>	<b>2</b>	<b>1</b>	

1) Visitölugrunnur er árið 2003

2) Reiknað út frá massajafnvægi

3) Útreikningar byggðir á forsendum og aðferðum IPCC ( Intergovernmental Panel on Climatic Change )

4) Mælt á 5 ára fresti, næsta mæling 2021

5) 4,0 kg/tonn ársmeðaltal til ársloka 2013. 3,5 kg/tonn frá ársþyrjun 2014

6) Mælt á 5 ára fresti, næsta mæling 2019

7) Mælt á 8 ára fresti, síðast mælt 2010 þar sem hávaði mældist undir 70dB, næsta mæling 2018  
Sjá nánar kafla 10.7

8) 1,5% af rekstrartíma til ársloka 2013. 1,0% af rekstrartíma frá ársþyrjun 2014

9) Árið 2015 var sett upp dælustöð sem skráir í rauntíma notkun á vatni

10) Seyra er losuð á 3 ára fresti

11) Uppsöfnun á finefnum innan löðar Elkem vegna breytingar á fyrirkomlagi flæðigryfju

12) 2017 Meðaltal mælinga 2014, 2015 og 2016. Mælt samhlíða og viðkomandi kælikerfi er losað í frárennsli

13) 20. mars 2017 var sængurústeypingu hætt

14) Meðaltal úr 5 síuhúsum

15) Bætt nýting miðast endurnýtingu steinefna rekstrarárið 2015

Flöjandi málmi hellt til útsteypingar í steypubelti.



# 10. Umhverfisbættir

Í þessum kafla er nánari lýsing á helstu umhverfisþáttum fyrirtækisins, starfsleyfiskröfum, helstu umhverfis-áhrifum, og umbótaverkefnum í tengslum við hvern umhverfisþátt.

## 10.1. Notkun auðlinda og framleiðsluvörur

Auðlindir sem Elkem Ísland nýtir í framleiðsluferlinu eru orka, vatn og hráefni. Orkan sem Elkem Ísland notar er framleidd úr vatnsorku sem er endurnýjanleg orkuauðlind. Vatn er mikilvægt fyrir kælingu í framleiðsluferlinu en það er helst notað til að kæla málm við úststeypingu og kælingu á búnaði.

Hráefni sem notuð eru til framleiðslu kísilmálms eru kvass, járngrýti og kolefnisgjafar í formi kola, koks og timburkurls. Að auki er olivinsandur, kvarssandur og kalksandur notaður sem íblöndunarefni. Hráefnin koma frá viðurkenndum birgjum og eru flutt til landsins með skipum viðs vegar að úr heiminum. Íslensk hráefni eru timburkurl, sem Sorpa framleiðir úr úrgangstimbri, og grisjunarviður frá Skógrækt ríksins. Hráefnin eru geymd í hráefnaskemmum á athafnasvæði Elkem Ísland.

Elkem gerir strangar umhverfis-, öryggis- og gæðakröfur til hráefnisborgja. Birjar þurfa að framfylgja stöðluðum kröfum sem Elkem setur auk þess að uppfylla lög og reglur í sínu landi. Til að framfylgja kröfunum framkvæmir Elkem reglubundnar úttektir hjá hráefnabirgjum.




Timburkurl er notað sem lífrænn kolefnisgjafi.

Í starfsleyfi Elkem er gerð krafa um að hráefni sem inniheldur fínt efni sé geymt þannig að ekki sé hætta á rykmengun eða foki. Geymslur skulu vera afgirtar.

Unnið er stöðugt að því að draga úr myndun ryks við meðhöndlun hráefna. Til að mynda eru hráefni vætt við uppskipun og athafnasvæðið reglulega sópað. Kröfur eru gerðar til birgja um að lágmarka hlutfall finefna (ryks) í hráefnaförnum. Stöðugt er unnið að því að bæta nýtingu hráefna og orku.

Umhverfisáhrif hráefna tengjast aðallega brennslu jarðefnaeldsneytis við efnistöku, vinnslu beirra og flutning til landsins auk þess sem finefni geta fokið við uppskipun. Um er að ræða óendurnýjanlegar auðlindir að undanskildu timburkurlinu. Með því að nota timburkurl minnkar Elkem notkun á óendurnýjanlegum kolefnisgjöfum.



Kvass er bleytt við löndun til að binda ryk.



Kol eru mikilvægur kolefnisgjafi við framleiðslu kísilmálms.

## Helstu umbótaverkefni undanfarin ár

- Malarsvæði við hráefnageymslur var malbikað sem leiðir til minna ryks við meðhöndlun hráefna. Með því að geyma hráefni á malbikuðu svæði verða þau hreinni og rekstur ofna stöðugri.
- Aukin endurnýting aukaafurða, t.d. forskyljuryk og kvass, í framleiðsluferlinu dregur úr notkun náttúruauðlinda og þar með innflutningi á kolum, járni og kvassi.
- Með því að endurnýta aukaafurðir frá stálverum hefur verulega dregið úr notkun járngrýtis í framleiðslunni.
- Með betri nýtingu steinaefna (kvass) í rekstri hefur skipaferðum fækkað um eina ferð á ársgrundvelli. Þessi fækkun á ferðum hefur bæði aukið hagræðingu í rekstri og haft jákvæð áhrif á kolefnisfótspor okkar.

## 10.2. Losun á SO<sub>2</sub>, CO<sub>2</sub> og NO<sub>x</sub>


Við framleiðslu kísilmálms myndast m.a. kolefnistvioxíð (CO<sub>2</sub>), brennisteinsdioxíð (SO<sub>2</sub>) og nituroxið (NO<sub>x</sub>) sem berast út í andrúmsloftið eftir hreinsivirkni. Kísilryk er hreinsað í reykhlreinsivirkjum verksmiðjunar áður en afsog frá framleiðslunni fer út í andrúmsloftið.

Umhverfisáhrif útblásturslofts má rekja til magns ryks, kolefnistvioxíðs (CO<sub>2</sub>), brennisteinstvioxíðs (SO<sub>2</sub>) og nituroxiðs (NO<sub>x</sub>) í afsoglofti.


Elkem Ísland hefur áhrif á losun brennisteins og kolefnistvioxíðs með vali á hráefnum, kolum og koksi, sem innihalda minna af brennisteini. Elkem Ísland uppfyllir starfsleyfiskröfur sem eiga við um framleiðslu, útblástur, reykhlreinsivirkni og neyðarreyklos. Fyrir hvert framleitt tonn af 75% kísilmálm var losun brennisteins (SO<sub>2</sub>) 16,2 kg. Losun kolefnistvioxíðs (CO<sub>2</sub>) frá óendurnýtanlegum kolefnisgjöfum var 402.031 tonn árið 2017 og losun vegna notkunar lífmassa var 54.216 tonn. Losunin er reiknuð út frá magni kolefnis í hráefnum samkvæmt kröfum Evrópusambandsins. Árið 2005 kom Evrópusambandið á viðskiptakerfi fyrir rekstraraðila með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda. Elkem Ísland fékk á sínum tíma úthlutaðar losunarheimildir fyrir tímabilið 2013-2020. Það er því bæði umhverfislegur og ekki síður fjárhagslegur ávinnungur fyrir fyrirtækið að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Brennisteinn er í kolum og koksi. Við framleiðslu kísilmálms hvarfast brennisteinn við súrefni og berst út í andrúmsloftið sem brennisteinstvioxíð (SO<sub>2</sub>) sem getur haft áhrif á lífríkið.


- Verið er að vinna í að auka hlut endurnýtanlegs timburs frá stór Reykjárkvíkursvæðinu en undanfarin ár höfum við notað um 8-10 þúsund tonn af endurunnu timbri sem kurlað er niður og nýtist sem hráefni í stað innfluttra kola.
- Timburkurl sem notað er í framleiðsluna kemur bæði frá Íslandi og erlendis frá. Samstarf við Skógrækt ríkisins hófst árið 2009 og með beinum fjárfamlögum hefur Elkem Ísland styrkt skógrækt á Íslandi með það markmið að stuðla að sjálfbærni atvinnugreinarinnar.
- Elkem Ísland og SORPA bs. gerðu formlegan samstarfssamning um að Elkem Ísland taki við timbri sem fellur til hjá SORPU og nýti sem hráefni.



Heildarlosun SO<sub>2</sub> á hvert framleitt tonn af kísilmálm.



Mánaðarmeðaltal SO<sub>2</sub> losunar 2017 m.v. mánaðarframleiðslu kísilmálms



Losun CO<sub>2</sub> ræðst af framleiddum tonnum

Í starfsleyfi Elkem eru skilgreind ákveðin viðmiðunar-mörk varðandi framleiðslu, útblástur, reykheinsivirkir og neyðarreyklos.

- Brennisteinn í kolefnisgjöfum og rafskautaefni skal vera innan við 30 kg CO<sub>2</sub> fyrir hvert framleitt tonn af kísilmálmi.

Við náttúrulegar aðstæður eru frumefnin kíssill og járn bundin súrefni. Við framleiðslu á kísilmálmi þarf að losa súrefnisfrumeindir frá kíslfrumeindum í kvarsi. Til þess er notað kolefni sem bindur súrefnið og myndar kolefnistvöxið (CO<sub>2</sub>). Kolefnistvöxið er gróðurhúsalofttegund sem veldur hnattrænum gróðurhúsaáhrifum sem hafa áhrif á hlýnum jarðar. Ekki eru til aðferðir til að minnka kolefnistvöxið úr útblæstrinum en hægt er að draga úr hnattrænum áhrifum losunar á CO<sub>2</sub>.

Munurinn á losun milli ára felst í framleiddu magni á kísilmálmi. Til dæmis voru framleidd fleiri tonn árið 2015 en 2014 sem hefur áhrif á losunina.

Elkem Ísland hefur verið virkur þáttakandi í samfélagsverkefnum með það að leiðarljósi að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Elkem Ísland er t.d. einn af stofnendum Hvalfjarðaganga en með tilkomu ganganna sparast um 17.000 tonn af CO<sub>2</sub> í útblæstri íslenska bíflafotans. Elkem hefur einnig stutt við skógrækt og komið að orkuendurvinnsluverkefnum.

Orkan sem Elkem Ísland notar er framleidd með vatnsaflí sem veldur hverfandi losun á CO<sub>2</sub>.

Við hjá Elkem höfum sett okkur markmið umfram lágmarksþrófur í starfsleyfi vegna losunar gróðurhúsalofttegunda. Við ætlum:

Að minnka kolefnisfótspor starfseminnar um 50.000 tonn af CO<sub>2</sub> fyrir árslok 2020 miðað við árið 2015.

### Helstu umbótaverkefni undanfarin ár

- Elkem Ísland hefur markvisst dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda með mótvægisáðgerðum m.a. vegna notkunar á lífrænum kolefnisgjöfum í formi timburkurs. Samtals hafa lífrænir kolefnisgjafar minnkað heildarlosun á CO<sub>2</sub> um 50 þúsund tonn á ári sem samsvarar notkun um 60 þúsund einkabíla í landinu.
- Elkem Ísland hefur lengi verið í samstarfi við Sorpu um endurnýtingu úrgangstimburs í stað urðunar en við urðun timburs myndast metan sem er kröftug gróðurhúsalofttegund.
- Með endurbræðslu aukaafurða, t.d. málmeifa og finefna, minnkum við orkuþörfina við framleiðslu kíslímáls og drögum úr losun á kolefnistvöxið í útblæstri.

Elkem Ísland og SORPA eru í farsælu samstarfi og hafa skuldbundið sig til að vinna saman að þróun lausna við endurnýtingu og endurvinnslu og draga þannig úr kolefnisspori beggja fyrirtækjanna.



Kvarts, kol og koks er blandað saman.

### 10.3. Ryk- og neyðarreyklosun

Ryklosun frá útblæstri árið 2017 var 118 tonn eða 1,03 kg á hvert framleitt tonn af kísilmálmi. Heildarmagn ryks í útblæstri fæst með samantekt rautnímamælinga vegna mældri losun frá þakopum og þakháfum í ofnhúsi, mældri losun frá hreinsibúnaði aftóppunarreyks ofna og útsteypingar, mældum gildum frá reykheinsivirkjum og mældum gildum frá útblæstri vegna mölunar kísilmálms.


Árið 2017 settum við okkur strangari markmið um heildartíma neyðarreyklosa eða frá 0,50% niður í 0,25% af heildar rekstrartíma ofna. Við trúum að hægt sé að reka kísilmálmsofn án þess að grípa þurfi til neyðarreyklosunar og er það okkar langtíma markmið.

Neyðarreyklos frá öllum ofnum voru rúmar 10 klukkustundir eða 0,04% af rekstrartíma allra ofna.


Reykur fer einungis óhreinsaður út í andrúmsloftið ef bilun verður í búnaði ofna og reykheinsivirkja. Þetta er skilgreint sem neyðarreyklosun og veldur sjónmengun. Stöðugt eftirlit er með rekstri ofna og búnaði reykheinsivirkjanna.

Við hjá Elkem höfum við sett okkur markmið umfram lágmarksþrófur í starfsleyfi vegna losunar á ryki. Við ætlum:

Að draga úr rykmyndun vegna starfseminnar um 50 tonn á ári með fjárfestingu í nýum búnaði og þátttökum starfsfólks fyrir árið 2018 miðað við árið 2014.



Mánaðarmeðaltal ryklosunar í útblæstri 2017



Mánaðarmeðaltal ryklosunar í útblæstri 2017




Reykheinsivirkir Elkem Ísland. Árlega fanga virkin um 20.000 tonn af kísilryki sem notað er sem íblöndunarefni í sement.

Leyfileg hámarksreyklosun hvers ofns má ekki vera meiri en sem nemur 1,0% af rekstrartíma ofna.

Losun kísilryks skal vera innan við 3,5 kg fyrir hvert framleitt tonn af kísilmáli.

Losunarmörk ryks frá ofnum, aftöppun, hreinsun, íblöndun eða öðrum stöðum skal vera að meðaltali innan við 30 mg/Nm<sup>3</sup>.


Kísilryk fer út í andrúmsloftið þegar neyðarreyklosun á sér stað en rykið er myndlaust (enska: amorphous) og hefur engin þekkt neikvæð áhrif á umhverfið en veldur hins vegar sjónmengun.



Jákvæð þróun er á hlutalli neyðarreyklosunar m.t.t. rekstrartíma.

Við hjá Elkem höfum við sett okkur markmið umfram lágmarksþrófur í starfsleyfi vegna neyðarreyklosunar. Við ætlum:

Að viðhalda stöðugleika í rekstri þannig að heildarlengd reyklosunar haldist undir 0,25% af rekstrartíma ofna.



Þróun neyðarreyklosunar sl. 5 ár í klukkustundum

Ofn	Dags.	Tími	Heildartími reyklosunar	Ástæða
Ofn 1	14.03.2017	17:36-17:55	19 minútur	Bilun vegna þrýstifalls í reykheinsivirkni
Ofn 2	14.03.2017	17:36-18:44	68 minútur	Bilun vegna þrýstifalls í reykheinsivirkni
Ofn 3	19.12.2017	13:52-17:07	194 minútur	Bilun í búnaði í reykheinsivirkni, ofn keyrður á 40% álagi

Ástæða og dagsetningar á lengstu neyðarreyklosum árið 2017.

#### Helstu umbótaverkefni undanfarin ár

- Þverfaglegt teymi sérfræðinga innan Elkem hefur það markmið að skilgreina aðgerðir til að lágmarka reyklos frá reykheinsivirkni. Unnið hefur verið markvisst að því að bæta endingu og skipta örar út síupokum. Betra ástand síupoka eykur skilvirkni reykheinsivirkisins og minnkar ryk í útblásturslofti.
- Árið 2015 var gerð tilraun með vatnsúðakælingu á reyk sem leiddur er frá ofni 1 gegnum skorsteinsrör og í hreinsun í reykheinsivirkni 1. Með því að kæla reykinn minnkar álag á búnað og um leið minnka líkur á neyðarreyklosi.
- Með nýjum tæknibúnaði og breyttu verklagi við hræfnamötun ofna hefur losun nituroxiðefna ( $\text{NO}_x$ ) lækkað um 67% frá árinu 2009.
- Aukin var notkun kola sem innihalda minni brennistein þriðja árið í röð og hefur losun á brennistein lækkað um 30% síðan 2013.
- Elkem skrifaði undir sameiginlega yfirlýsingum aðgerðir í loftlagsmálum við Festu og Reykjavíkurborg haustið 2015. Elkem hefur hafið vinnu við að draga úr kolefnisfóspori sínu.
- Með því að hætta útsteypingu í svokallaða sæng háðum við að minnka losun frá ofnhúsi um 5 tonn á ársgrundvelli. Rauntímamælingar, við eitt útblástursopa á ofnhúsi sýna fram á 30% minnun á ryki í útblæstri.
- Við höfum aukið rauntímamælingar á ryki í ofnhúsi til að fylgjast með jákvæðum áhrifum úrbótaverkefna sem við eru að vinna að.
- Myndvél var sett upp á ofnhús til að geta brugðist fljótar við bilunum í síubúnaði reykheinsivirkja og draga þannig úr losun á kísilryki.



Morgunfundir tryggja gæði í rekstri og eru mikilvægir til að koma í veg fyrir frávik í starfi.

#### 10.4. Losun í frárennslu

Frárennslu frá verkmiðju Elkem Ísland rennur í tvennu lagi til sjávar, þ.e. annars vegar frárennslu frá verksmiðjustarfseminni sem rennur í gegnum olíuskiljur, rotþrær og setþrær og hins vegar frárennslu frá eldhúsi, baðhúsi og salernum. Allar þrær og gildrur eru losaðar reglulega.

Kælikerfi við ofnana er lokað kerfi og mánaðarlega er fylgst með sýrustigi kælivatnsins. Þar sem kælikerfin eru lokuð rennur ekkert frá þeim í frárennslu verksmiðjunnar.

Framkvæmdar eru mælingar á efnainnihaldi og sýrustigi frárennslisvatns. Mæligildi fyrir olíu og fitu, arsen, króm, kopar, járn, nikkel og sink eru í samræmi við starfsleyfismörk.

Í starfsleyfi Elkem Ísland er gerð krafa um að allt iðnaðarfrárennslu skuli meðhöndlað þar sem fast efni er hreinsað frá, málmar felldir út og sýrustig er jafnað. Frárennslu skal hafa sýrustig hærra en 7,5 og hámarksrennslu skal vera 320 m<sup>3</sup>/klist. Magn ákveðinna málma, svifagna og olíu og fitu skal vera innan tilgreindra marka.

Umhverfisáhrif óhreinsaðs frárennslis frá starfseminni er háð magni ólífraenna efna, olíu, fitu og svifagna. Svifagnir geta haft neikvæð áhrif á lífríki hafsins. Varasöm efni í olíu og olíuvörum sem skiljast ekki nógur vel frá í olíuskiljum geta borist í frárennslinu út í sjó og haft neikvæð áhrif á lífríki og valdið sjónrænni mengun.

Óhreinsað frárennslisvatn frá salernum og mótnuneyti getur haft neikvæð áhrif á lífríki sjávar vegna lifræns efnis og örvera sem eru í frárennslisvatninu.



Svifagnir í frárennslu á árunum 2013-2017.

### Helstu umbótaverkefni undanfarin ár

- Hreinsibúnaður fyrir finefni var stækkaður á verkstæði fyrir deiglur og meginútsteypingarlínu.
- Árið 2014 var tveimur 17 þúsund lítra setþróum komið fyrir á aðalfrénnsstofn frá verksmiðjunni. Inn stofninn fer allt yfirborðsvatn, vatn frá niðurföllum og affallsvatn frá loftpressum og rotþróum innan svæðis.
- Útisvæði eru sópuð reglulega og ryk sem safnast saman er endurunnið. Reglubundin sópun hefur lækkad magn svifagna í frárennslinu.
- Mestum hluta sets sem dælt er upp úr lögnum og þróum er safnað saman og það endurunnið. Með því minnkar urðun í flæðigryfju Faxaflóahafna.
- Árið 2016 voru gerðar breytingar á settanki útsteypingu sem hefur bætt hreinsun á frárennsli frá útsteypingu kísilmálms.



Flokkunarkefni hjá Elcem Ísland.

### 10.5. Varasöm efni

Notkun varasamra efna fylgir starfsemi Elcem Ísland. Efni eru notuð í ýmsum tilgangi bæði í framleiðslunni og við viðhald. Sækja þarf um leyfi fyrir öll efni sem notuð eru á athafnasvæði fyrirtækisins og er haldin skrá yfir þau efni auk þess sem til eru upplýsingar um eiginleika efnanna á öryggisblöðum sem starfsmenn hafa aðgang að. Starfsmenn fá þjálfun í notkun efna. Varasöm efni eru geymd á afmörkuðum og merktum stöðum og efnaleifum og umbúðum utan af þeim er safnað saman í sérstök ilát sem losuð eru af viðurkenndum aðilum sem einnig sjá um flutning efnanna.

Í starfsleyfi Elcem er gerð krafa um að Elcem vinni samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og að öll efni og efnablöndur sem notuð eru eða framleidd séu skráð og uppfylli ákvæði reglugerðar nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni („REACH“).

Umhverfisáhrif varasamra efna felast aðallega í hættu að efnin berist í frárennsli, í andrúmsloft eða jarðveg. Efnin geta verið vatnsleysanleg og þannig borist framhá olíuskilju sem tengd er frárennsli fyrirtækisins og valdið neikvæðum umhverfisáhrifum. Gufi efnin upp geta þau haft heilsuspíllandi áhrif á starfsfólk. Berist efnin með almennum úrgangi á urðunarstað geta þau valdið neikvæðum umhverfisáhrifum í sigvatni frá urðunarstaðnum. Við förgun eða losun til umhverfis nefnast varasöm efni spilliefni.

### Helstu umbótaverkefni undanfarin ár

- Ferlar vegna efnastjórnunar hafa markvisst verið endurbættir á undanförnum árum.
- Efnum hefur fækkað og hættumerktum efnum hefur verið skipt út fyrir hættuminni og umhverfisvænni.
- Allir starfsmenn hafa aðgengi að öryggisblöðum efna í veflægum hugbúnaði, EcoOnline.
- Settir voru upp sérhannáðir efnaskápar með innbyggðum lekabyttum í öllum rekstrareiningum verksmiðjunnar.
- Lekabyttum var komið fyrir undir olíutunnum sem staðsettar eru í tæknirýmum.

### 10.6 Aukaafurðir

Það er stefna Elcem Ísland til lengri tíma að endurvinna og endurnýta allar aukaafurðir sem falla til við framleiðsluna, lágmarka sónum og auka sjálfbærni rekstrarins. Elcem Ísland vinnur samkvæmt áætlun um endurnýtingu og meðhöndlun aukaafurða.

Í starfsleyfi Elcem er gerð krafa um að fyrirtækið skrái allar aukaafurðir sem til falla við framleiðsluna, stuðli að nýtingu endurnýjanlegs hluta úrgangs og skili á viðurkennda móttökustöð fyrir úrgang. Fyrirtækinu er heimilt að farga skilgreindum framleiðsluúrgangi í flæðigryfjur með útskolun efna í sjó. Spilliefnum skal skilað til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.



Kísilmálmur sem hefur verið malað í stærð samkvæmt beiðni viðskiptavinar.

Umhverfisáhrif aukaafurða eru mismunandi eftir tegund. Umhverfisáhrif við urðun aukaafurða tengjast helst flutningi til móttökustöðva. Við urðun er mikið landrými notað.

Elcem Ísland gerir einungis samninga við viðurkennda aðila um meðhöndlun aukaafurða og fer fram á að urðunarstaðir séu viðurkenndir með starfsleyfi. Aukaafurðir eru skráðar og flokkaðar í þar til gerð merkt ilát.

Elcem Ísland hefur heimild í starfsleyfi til að urða ákveðnar aukaafurðir, sem falla til við framleiðsluna, í flæðigryfju við Grundartangahöfn. Árið 2012 var sett sú krafa að flæðigryfjan hefði sérstakt starfsleyfi. Flæðigryfjan er í umsjón Faxaflóahafna og er með starfsleyfi sem tók gildi árið 2014.

Við hjá Elcem Ísland ætlum að draga markvisst úr áhrifum starfseminnar á innra og ytra umhverfi með nákvæmni í vöktun og stýringu á mikilvægum umhverfispáttum. Við ætlum:

Að hámarka meðhöndlun aukaafurða þannig að 95% þeirra fari til endurvinnslu og endurnýtingar fyrir árið 2018.



Á átta árum ætlum við að auka endurvinnslu-/endurnýtingarhlutfallið um 30%.



Endurnýting og endurvinnsla aukaafurða hefur aukist til muna, en ryk er í raun verðmæti á villigötum. Hér er ryki safnað í poka.

## Helstu umbótaverkefni undanfarin ár

- Unnið hefur verið að þróun aðferðar um endurnýtingu á forskiljuryki í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands.
- Árið 2017 voru 223 tonn af forskiljuryki endurnýtt sem hráefni inn í framleiðsluferilinn. Með endurnýtingunni minnkar urðun í flæðgryfju Faxaflóahafna um sambærilegt magn.
- Við að flytja hráefni inn á ofna verksmiðjunnar verður til tap á fínasta hráefninu. Við höfum fundið leið til að nýta hráefnin betur og frá árinu 2015 höfum við bætt endurnýtingu þess um 500 tonn á ársgrundvelli.
- Vinna hófst í árslok ársins 2015 við að lágmarka fínefni sem falla til við framleiðslu í ofnhúsi og búa til söluhæfa vöru.
- Þróunarvinnu við endurnýtingu fíngerðs kvarssandar er lokið og áætlanir um frekari nýtingu liggja fyrir.
- Á árinu var komið upp betri flokkun á aukafurðum sem urðaðar eru í flæðgryfju Faxaflóahafna. Með aukinni flokkun hafa myndast tækifæri til frekari endurnýtingar og endurvinnslu Eldfastra efna og hráefnaafganga.
- Elkem hefur dregið úr notkun urðunarstaða vegna myndun almennra aukafurða um 30.000 kg frá árinu 2015. Eftirfarandi eru dæmi um verkefni sem m.a. hafa stuðlað að þróuninni:
  - Endurvinnsla bylgjupappírs hefur t.d. aukist um 3000 kg síðan 2015.
  - Endurvinnsla á almennum skrifstofuvörum hefur aukist um 7500 kg síðan 2015.
  - Árið 2016 var þvottahús Elkem flutt þá tókum við úr árlegri notkun 50.000 plastpoka. Ef plastpokunum yrði rúllað út hefðu þeir myndað einn og hálfan hring í kringum þjóðveg nr. 1.
  - Elkem gefur árlega 1000-1500 kg af vinnufatnaði til endurnotkunar. Þeir sem nota góðs af eru m.a. Rauði Krossinn og Fjöliðjan á Akranesi.

Í starfsleyfi Elkem Ísland er gerð krafa um að fyritækið dragi úr hávaða eins og kostur er og tryggi að hávaði fari ekki yfir skilgreind hávaðamörk.



Efnagreining sýnis úr framleiðslu.



Mikil áhersla er lögð á að gera vinnuumhverfið vistlegt og hreint.


## 10.7 Hávaði

Elkem Ísland er staðsett á iðnaðarsvæði og eru skilgreind viðmiðunarmörk fyrir hljóðstig við lóðarmörk 70dB en árið 2010 var hávaðamæling framkvæmd þar sem hávaði mældist undir 70dB við lóðarmörk. Hávaðauppsprettur á athafnasvæði Elkem Ísland eru af ýmsum toga bæði innan- og utandyra. Þar má helst nefna vinnuvélar, deiglubrjóta, loftpressur, mölun o.fl.


Árið 2010 voru gerðar mælingar á hljóðstyrk innan lóðar Elkem Ísland og var hljóðstig frá verksmiðjunni kortlagt. Elkem Ísland uppfyllir allar kröfur um viðmiðunarmörk sem sett eru varðandi hávaða í starfsleyfi.

### Umbótaverkefni og mótvægisáðgerðir

- Alltaf er tekið tillit til hávaða á hönnunarstigi framkvæmda og tryggt að hávaði aukist ekki og minnki frekar.
- Bakkflautur með lægri tíðni voru settar í vélar á útisvæði sem dregur úr myndun hávaða.



Hávaðamælingar eru framkvæmdar á 8 ára fresti.





Starfsfólk Elkem Ísland á vinnustofu í nýsköpun.

## 11. Nýsköpun

Nýsköpun innan Elkem Ísland hefur það að markmiði að stuðla að menningu þar sem allir starfsmenn eru þátttakendur í framþróun fyrirtækisins. Verkefni nýsköpunar eru margskonar t.d. þróun viðskiptamódels, vörubróun, skipulagning framleiðslunnar, úrlausn verkefna og endurhönnun ferla fyrirtækisins. Við teljum mikilvægt að koma auga á það sem við getum gert betur og hvernig við getum gert hlutina á betri hátt en í dag.

**M**eð aðferðum nýsköpunar hefur Elkem Ísland tekist á við verkefni sem hafa haft jákvæð áhrif á innri starfsemina, upplifun viðskiptavina og umhverfið. Dæmi um verkefni sem við höfum unnið að síðastliðin ár eru t.d. að einfalda flókin gögn og gera þau sýnilegri starfsmönnum en með því hefur okkur t.d. tekist að stytta tíma sem tekur að þráa nýja vörú úr 12 mánuðum í 1 mánuð og auka um leið öryggi í rekstri. Í kjölfar undirritunar Parisarsáttmáls um að draga úr losun grðóðurhúsalofttegunda hefur eftirspurn eftir sérhæfðum eiginleikum vörunnar aukist umtalsvert og á síðasta ári framleiddum við sjó nýjar sérhæfðar vörutegundir.



Mikil áhersla er á að upplýsingar séu sjónrænar og auðskiljanlegar.



Finefni sem hefur verið kögglað er nýtt aftur í framleiðslunni.

## 12. Endurnýting og nýsköpun

### Nýsköpun hjá Elkem Ísland skilar umhverfislegum ávinningi

Síðastliðin 5 ár hefur Elkem Ísland unnið markvisst í að ná bættri nýtingu hráefna, minnka magn ónýtanlegra aukaafurða og þess í stað endurnýta þau sem hráefni í framleiðsluna. Stærsta verkefnið fólst í því að þráa umhverfisvæna lausn til að binda saman finefni sem fellur til við framleiðslu kíslilmálms.

Til að hægt sé að nýta finefnin sem hefðbundin hráefni þarf að binda þau saman í litla köggla. Endurnýting finefna með kögglun, með kögglun, hefur verið notuð áður í iðnaðinum en að mjög takmörkuðu leyti vegna óhagkvæmra framleiðslaðferða. Við höfum fundið hagkvæma lausn með aðferðum nýsköpunar.

Með því að nýta köggluð finefni í framleiðslunni minnkar útblástur grðóðurhúsalofttegunda um leið og notkun hráefna og raforku minnka. Okkur hefur tekist að útbúa sjálfbæra lausn sem er umhverfisvæn, skapar störf og hefur fjárhagslegan ávinning. Með þessu leggjum við okkar lóð á vogarskálarnar til að draga úr hlýnun jarðar, stuðla að betri endingu jarðefnanáma á heimsvísu og bæta nýtingu raforku á Íslandi.

Elkem Ísland hefur hlotið góðan stuðning þróunarvinnunarr í samstarfi við nemendur Háskóla Íslands og Háskóla Íslands og Reykjavík, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Steypustöðina. Það var fyrst árið 2014 sem fyrstu köggluðu finefnin litu dagsins ljós og frá þeim tíma hefur verkefnið vaxið hratt. Árið 2017 voru notuð 5.000 tonn af köggluðum finefnum í framleiðslu á kíslilmálmí og árið 2018 er stefnt að því að notkunin verði komin í 12.000 tonn.

Elkem Ísland stefnir að því til lengri tíma að ná 100% endurnýtingu og endurvinnslu allra aukaafurða sem falla til við framleiðsluna. Vinnuni er því hvergi næri lokið en með áframhaldandi þróun verkefnisins er stefnt að því að auka endurnýtingu kögglaðra finefna umtalsvert á næstu fjórum árum.



Efni biður bess að vera sett í gáum.

# UMHVERFISSKÝRSLA 2017

